

Langanesbyggð  
Langanesvegur 2  
680 Þórshöfn

Reykjavík, 29. desember 2023  
UST202312-197/A.B.  
10.04.03

## Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Bakkafjarðarhöfn - Langanesbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Langanesbyggðar er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Bakkafjarðarhöfn sem er sunnan Bakkafjarðar.

Í greinargerð kemur fram að nýtt deiliskipulag mun taka til um 12 ha svæðis sem skilgreint er sem hafnarsvæði, athafnarsvæði, landbúnaðarsvæði og efnistökusvæði í gildandi aðalskipulagi. Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Hafnarvegi í Bakkafirði. Auk þess segir að í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir geymslusvæði, gámasvæði, byggingum, bryggjum og aðkomuvegi.

### Landfylling

Í greinargerð aðalskipulags segir að stækkað verði athafnarsvæði við Bakkafjarðarhöfn með landfyllingu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram stærð landfyllingar (ha) og áætluð efnisþörf landfyllingar (m<sup>3</sup>) og hvaðan efnið á að koma sem nýta á í landfyllingu.

Líklegt er að um opna landfyllingu að ræða og því um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- dýpkunarefnum,
- náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfisstofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir b-lið 9. gr., þ.e. að um sé að ræða náttúruleg,

óvirk efni, og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun þarf að fjalla um hver áhrif landfyllingarinnar og annarra starfsemi verði á vatn.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**